

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír Vestur-Eyfellingar: Sóknarprestur Holtsprestakalls, sóknarnefndarformaður Ásólfskúlasóknar og sóknarnefndarformaður Stóradals-sóknar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa á hendi reikningsskil hans og sömuleiðis halda gjörðabók um framkvæmdir og úthlutanir.

6. gr.

Tekjum sjóðsins (vöxtum) skal skipta til helminga milli Ásólfskúlakirkjusafnaðar og Stóradalskirkjusafnaðar. Annast stjórn sjóðsins árlega um útborgun þeirra og hlutast til um, í samráði við sóknarnefndir og stjórnir kirkjukóra við fyrrgreindar kirkjur, að tekjunum sé ávallt varið til söngmenntar.

7. gr.

Komi ár, sem tekjunum (vöxtunum) er ekki úthlutað, skal leggja þá við höfuðstólinn það ár.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á þessari skipulagsskrá.

F. h. sjóðsstjórnar,
Halldór Gunnarsson,
Holti.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skipulag á fólksflutningum
með bifreiðum, nr. 143, 1. júní 1966.

1. gr.

Á undan 1. málsgrein 2. gr. reglugerðar nr. 143/1966, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, komi ný málsgrein, sem verður 1. málsgrein, svo hljóðandi:

Sérleyfi til fólksflutninga á hverri einstakri leið veitir þeim aðila, sem starf-rækir sérleyfisferðirnar, rétt til þátttöku í hópferðaakstri með tveim bifreiðum án greiðslu hópferðaréttindagjalds. Auk þess fá sérleyfishafar rétt til að nota fastabifreiðar á sérleyfisleiðum sem varabifreiðar í hópferðum án greiðslu hópferðaréttindagjalds, þegar þær eru ekki bundnar í sérleyfisferðum. Óski sérleyfishafi þátttöku í hópferðaakstri með fleiri bifreiðum en að framan greinir, skal hann greiða fyrir það hópferðaréttindagjald, samanber 3. málsgrein þessarar greinar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 42 4. apríl 1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, sbr. lög nr. 73/1966, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 13. júní 1969.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.